

**Nd.**

**162. Nefndarálit**

**[89. mál]**

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 16. júlí s. l. sumar.

Efni frv. er um sérstakt 12% innflutningsgjald sem lagt var á tiltekna vöruflokka. Þegar lögin voru sett var ráðgert að gjald samkv. þeim mundi nema um 1850 millj. kr. á 5 mánuðum, eða til ársloka 1975.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir, að gjald þetta muni verða fellt niður um áramót, en þó mun hún nú hafa einhverja eftirþanka út af þessari yfirlýsingu. Kannske verður niðurstaðan sú, að gjaldið verði enn framí lengt þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar um annað.

Þegar gjald þetta var lagt á, kom það mjög þvert á loforð ríkisstjórnarinnar, sem gefið var launþegasamtökunum í sambandi við lausn síðustu kjarasamninga. Þá var beinlínis samið um lækkun skatta, sem framkvæmd var að vísu í formi tekju-skatts, en tekin aftur með þessari sérstöku skattlagningu. Ég er af þessum ástæðum andvígur frumvarpinu og legg til að það verði fellt.

Alþingi, 11. des. 1975.

Lúðvík Jóseppson.